

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Edda María Hagalín
Dags. 24. febrúar 2022
Mnr. 2016030019



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - hækkun lífeyrisskuldbindingar Ísafjarðarbæjar 2021

Þann 15. febrúar síðastliðinn bárust okkur niðurstöður útreiknings Talnakönnunar vegna áfallinnar lífeyrisskuldbindingar vegna áunnina réttinda starfsmanna Ísafjarðarbæjar hjá Lífeyrissjóðið starfsmanna ríkisins B. deild. Útreikningurinn eru annarsvegar fyrir stöðu í árslok 2021 og hins vegar áætlun fyrir árið 2022. Útreikningarnir eru í meðfylgjandi skjölum.

Í áætlun 2021 var gert ráð fyrir að lífeyrisskuldbinding í árslok yrði 1.885 m.kr. og gjaldfærð hækkun yrði 72 m.kr. Miðað við endanlega útreikninga fyrir árið 2021 mun skuldbindingin nema 2.203 m.kr. og hækkunin því vera 390 m.kr. eða 318 m.kr. hærri en áætlað var.

Áætlun ársins 2022 gerði ráð fyrir gjaldfærslu upp á 60,9 m.kr. og m.v. að þessir útreikningar standist þá er vænting um að hækkunin verði undir þeirri tölu eða um 48 m.kr.

Helsta ástæða þessarar hækkunar hjá Ísafjarðarbæ er hækkun á hlutfalli sveitarfélagsins úr 53,8% í 60,7%, en sú breyting nemur 250 m.kr. af hækkuninni. Að auki er stofn ellilífeyris að hækka um 4,6% frá áætlaðir lífeyrisskuldbindingu samanborið við stofn ellilífeyris í árslok 2021 sem nemur þá 3 milljörðum (var 2,9 milljarðar í áætlun).

Samkvæmt 33. gr. laga um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, greiða launagreiðendur allar hækkanir á lífeyri frá því að hann var fyrst úrskurðaður. Sveitarfélagið greiðir nú þegar 25,4% af lífeyrinum og mun í framtíðinni greiða til viðbótar allar hækkanir sem verða á úrskurðuðum lífeyri eða 35,3%, samtals 60,7%. Í útreikningum vegna framtíðarhækkana er reiknað með 7,5% árlegum launahækkunum að meðaltali. Það byggir á því að lífeyrir í B deild LSR er vertð tryggður með LSR vísitölunni en hún hefur hækkað að meðaltali um 7,8% á ári frá árslokum 1996 til ársloka 2001.

Breyting áfallinna lífeyrisskuldbindinga					
	Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	% svf.	hlutur sveitarf. skv. útreikningi	skuldbinding alls	breyting frá fyrra ári til bókarar
2017	2.874.728.554	53,80%	1.546.603.962	1.588.590.033	59.951.351
2018	3.047.272.282	53,80%	1.639.432.488	1.639.432.488	50.842.455
2019	3.218.466.704	53,80%	1.731.535.087	1.731.535.087	92.102.599
2020	3.371.170.648	53,80%	1.813.689.809	1.813.689.809	82.154.722
2021	3.630.255.051	60,70%	2.203.564.816	2.203.564.816	389.875.007
2022	3.708.808.267	60,70%	2.251.246.618	2.251.246.618	47.681.802